Nd. **653. Frumvarp til laga** [177. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1951 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi, er nú situr, mun eigi ljúka störfum fyrir 15. febrúar þ. á. Ber því nauðsyn til að ákveða með lögum annan samkomudag reglulegs Alþingis 1951 en ráðgerður er í 35. gr. stjórnarskrárinnar. Er lagt til, að Alþingi verði kvatt til fundar eigi síðar en 1. október n. k.